

# Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 4. ágúst 2023

Mál nr. E-71/2022:

**Kristín Ósk Matthíasdóttir**

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

gegn

**Orkubúi Vestfjarða ohf.**

(Jónas A. Aðalsteinsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta um viðurkenningu skaðabótaskyldu, var höfðað 2. september 2022 og dómtekið 12. júní 2023.

Stefnandi er Kristín Ósk Matthíasdóttir, Þverá, Vatnsfirði, Vesturbyggð.

Stefndi er Orkubúi Vestfjarða ohf., Stakkanesi 1, Ísafirði.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem stefnandi varð fyrir vegna lagningar stefnda á háspennustreng í Þverá í Vatnsfirði 4. til 6. september 2018. Þá krefst hann málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Stefndi krafðist frávísunar málsins en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði dómsins 29. nóvember 2022.

## I

Stefnandi er leigutaki jarðarinnar Þverár í Vatnsfirði sem er í eigu íslenska ríkisins. Á jörðinni á stefnandi og rekur fiskeldisstöð einkum fyrir lax og bleikju og nýtir til þess bæði heitt og kalt vatn. Ferskvatn er tekið úr Þverá. Á árbakkanum er bygging sem hýsir brunn og dælubúnað sem dælir vatni úr ánni í brunninn og þaðan til fiskeldisstöðvarinnar. Frá byggingunni liggja tvö vatnstökurör, annað upp eftir ánni, sem er aðalinntak, en hitt niður eftir ánni og er varainntak. Varainntak er notað ef aðalinntak stíflast, t.d. vegna íss og krapa á vetrum. Í stefnu kemur fram að vatnsflæði til fiskeldisins megi ekki stöðvast og því áriðandi að þessar vatnstökuæðar séu í lagi.

Stefndi er opinbert hlutafélag og er því lýst svo í greinargerð að félagið sé vinnslufyrirtæki í eigu íslenska ríkisins, sem eigi og reki raforkuver, flytji, dreifi og selji raforku á þjónustusvæði sínu á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003.

Í málinu er óumdeilt að verktaki á vegum stefnda lagði jarðstreng og ljósleiðara yfir Þverá í leigulandi stefnanda dagana 4. til 6. september 2018. Stefnandi byggir kröfu sína á því að þegar fleyguð hafi verið rás fyrir jarðstrenginn yfir ána hafi varavatnstökurör verið rofið og þetta megi rekja til saknæmrar háttsemi stefnda og verktaka á hans vegum við umrædda framkvæmd. Byggir hann á því að ekkert samráð hafi verið haft við hann fyrirfram um þessa framkvæmd. Einnig telur hann að við umferð tækja á vegum stefnda yfir niðurgrafna rafstrengi að dæluhúsi hafi þeir rofnað. Framangreint hafi valdið stefnanda tjóni bæði á vatnsinntökuröri, dælubúnaði og jarðstrengjum, auk þess að hafa valdið seiðadauða í eldisstöðinni, þar sem ker fiskeldisins hafi fyllst af leir og drullu. Stefndi mótmælir þessu einkum á þeim grunni að ósannað sé að tjón hafi orðið á umræddu vatnsröri eða raflögnum við framkvæmdirnar, en einnig heldur hann því fram að munnlegt samþykki rekstrarstjóra fiskeldisins, eiginmanns stefnanda, hafi legið fyrir varðandi lagnaleið rafstrengsins yfir ána, en stefnandi hafi síðan staðfest samþykkið með undirritun á yfirlýsingu þess efnis 12. september 2018. Deilt er um í málinu hvenær stefnandi hafi fyrst kvartað við stefnda vegna umrædds tjóns. Telur stefnandi að það hafi verið strax í kjölfar framkvæmdanna en vísar þó til þess að tjónið hafi þó ekki orðið honum að fullu ljóst fyrir en um veturinn þegar reynt hafi á að taka vatn úr vararöri. Stefndi telur að fyrsta tilkynning frá stefnanda um að hann teldi sig hafa orðið fyrir tjóni vegna framkvæmdanna hafi borist honum í apríl 2021.

Fyrir liggur að frá síðastnefndum tíma hafa verið samskipti milli málsaðila og var meðal annars borið undir tryggingafélag stefnda hvort ábyrgðartrygging hans næði hugsanlega til ætlaðs tjóns. Hafnaði tryggingafélagið bótaskyldu og var sú niðurstaða staðfest af úrskurðarnefnd í váttryggingamálum 7. júlí 2022.

Stefnandi lýsir því í stefnu hvernig búið hafi verið um það vatnsrör sem hann telur stefnda hafa skemmt. Sé það fyrir neðan dæluhúsið miðað við rennsli árinna og hafi það þjónað tilgangi sínum vel þar til stefndi hafi skemmt það. Hafi rörið verið 12 metrar að lengd frá dælubrunni og verið staðsett 50 sentimetra undir vatnsyfirborði, grafið niður í árbotninn í rás sem varnað hafi því að rörið lyftist yfir vatnsyfirborðið. Rörið hafi verið hulið steypuröri, mól og grjóti í sama tilgangi. Kveður stefnandi að á ljósmyndum sem liggi fyrir í málinu sjáist að rörið hafi verið fleygað í sundur, enda sé endi þess sundurskorinn, en áður hafi verið lok á enda rörsins. Þá liggi hinn sundurskorni endi rörsins 30 sentimetra frá háspennustrengnum sem stefndi hafi látið leggja í Þverá. Líkt og sjá megi á framlögðum ljósmyndum liggi járnin sem notuð hafi verið til að halda

rörinu neðan árbotsins í grjóthrógu fyrir neðan háspennustrenginn. Vinnuvélar á vegum stefnda hafi farið beint yfir vatnsinntökurörið og höggvið það í tvennt með þeim afleiðingum að það hafi losnað úr rás sinni og hafi flotið upp á yfirborð árinna og ker í fiskeldinu hafi fyllst af leir og drullu áður en skemmdirnar hafi uppgötvast. Þegar varainntakið hafi verið sett í gang hafi dælur og brunnar fyllst af leir og drullu og sé það gersamlega ónothæft eftir vinnu stefnda.

Stefnandi aflaði kostnaðarmats vegna viðgerða á vatnstökubúnaði og liggur skýrsla um það fyrir í málinu sem kveður kostnað við að gera við vatnsinntakið nema um 2.500.000 krónum. Þá liggur fyrir samantekt föður stefnanda þar sem hann sundurliðar og áætla heildartjón stefnanda 12.744.000 krónur. Stefndi hafði enga aðkomu að öflun þessara gagna og mótmælir gildi þeirra.

## II

Stefnandi vísar til þess að grundvöllur viðurkenningarkröfu hans sé að stefndi beri skaðabótaábyrgð samkvæmt ólögfestri sakarreglu skaðabótaréttarins og reglunni um vinnuveitendaábyrgð, auk skriflegrar yfirlýsingar stefnda sjálfs um að strengurinn yrði lagður á réttan hátt og að hann myndi lagfæra öllu spjöll.

Stefnandi kveður að það vinnulag að fleyga sundur vatnsinntak geti ekki undir nokkrum kringumstæðum talist fullnægjandi verklag og hafi stefndi eða menn á hans vegum, einfaldlega ekki viðhaft nægilega aðgæslu. Þess verði að krefjast að sérfræðingar eins og þeir sem stefndi réði til verksins kynni sér aðstæður og hafi þeir átt að sjá að veruleg hættu væri á skemmdum með því að velja þá lagnaleið sem valin var.

Þá byggir stefnandi á að stefndi hafi ekki hirt um að afla sér framkvæmdaleyfis frá skipulagsyfirvöldum í Vesturbyggð áður en hann hófst handa við verkið, sbr. ákvæði 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá vísar stefnandi einnig til 2. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi þar sem markmið hennar er að undirbúningar verks sé faglega unninn, til samræmis við skipulagsáætlanir og að virkt eftirlit sé með því að framkvæmdir hefjist ekki án leyfis. Einnig vísar stefnandi til 7. gr. reglugerðarinnar þar sem kveðið er á um skýrleika gagna sem liggja þurfa fyrir við umsókn um framkvæmdaleyfi.

Stefnandi vísar og til þess að við úrlausn málsins beri að beita ströngu sakarmati þar sem stefndi og verktakar á hans vegum verði að teljast sérfræðingar um framkvæmdir eins og hér um ræðir.

Helstu málsástæður stefnda eru þær að lagning umrædds rafstrengs í Þverá í september 2018 hafi hvorki valdið skemmdum á varainntakslögn stefnanda í ánni né öðrum mannvirkjum hans á svæðinu og stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu fjárhagslegu tjóni vegna þeirrar framkvæmdar. Því séu skilyrði skaðabótaábyrgðar stefnda gagnvart stefnanda séu þannig einfaldlega ekki fyrir hendi. Jafnvel þó svo yrði litið á að lagning jarðstrengsins hefði skemmt varainntakslögn stefnanda í Þverá og/eða einhver mannvirki stefnanda á svæðinu og af því hefði hlotist fjárhagslegt tjón kveðst stefndi byggja á því að eigin sök stefnanda þar að lútandi sé svo mikil að réttur til bóta falli alveg niður.

Stefndi hafnar því að honum hafi borið að sækja um framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulagslögum, en vísar til þess að hann hafi almennan rétt til lagningar rafstrengja á athafnasvæði sínu á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003. Lagning umrædds strengs hafi talist minni háttar framkvæmd og því ekki fallið undir ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.

### III

Eins og að framan er rakið krefst stefnandi málsins viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefnda vegna ætlaðra skemmda sem verktakar á hans vegum hafi valdið á varainntakslögn ferskvatns sem nýtt er í þágu fiskeldis stefnanda, sem og rafstrengjum á landi hans. Óumdeilt er að verkið var unnið 4. til 6. september 2018. Stefnandi ber í fyrsta lagi sönnunarbyrði fyrir því að það hafi verið umræddar framkvæmdir sem hafi leitt til þess tjóns sem hann lýsir að orðið hafi í rekstri hans. Til sönnunar framangreinds hefur stefnandi lagt fram ljósmyndir sem teknar voru á framkvæmdatíma en einnig á árinu 2021. Þá hefur rekstrarstjóri fiskeldis stefnanda, eiginmaður hennar, lýst atburðarás í skýrslu fyrir dómi, sem og faðir stefnanda sem kom að nokkru fram fyrir hennar hönd í samskiptum við stefnda og fyrri eiganda fiskeldisins. Eru skýrslur þeirra að meginstefnu í samræmi við fullyrðingar í stefnu.

Myndir sem liggja fyrir í málinu og teknar voru þegar framkvæmdir áttu sér stað, sýna ekki að mati dómsins að ofangreind vatnslögn hafi orðið fyrir tjóni við framkvæmdir stefnda. Þá verða myndir sem teknar voru árið 2021 heldur ekki taldar sýna fram á að ætlað tjón verði rakið til umræddra framkvæmda, enda var þá langur tími liðinn frá ætluðum tjónsatburði. Þau tvö vitni sem skýrslu gáfu fyrir dómi til stuðnings kröfum stefnanda, eru annars vegar eiginmaður hennar, sem jafnframt sér um rekstur fiskeldisins og hins vegar faðir hennar sem aðstoðaði hana við samskipti við stefnda í aðdraganda málssóknarinnar. Verður að meta sönnunargildi framburðar þeirra með tilliti til tengsla

þeirra við stefnanda. Þá liggur fyrir lýsing á frágangi umrædds rörs, lengd þess og staðsetningu sem sjá má af gögnum málsins að á uppruna sinn hjá fyrri eiganda, sem lagði rörið. Sá maður var ekki leiddur fyrir dóm til að staðfesta þá lýsingu. Þá var ekki óskað eftir dómkvaðningu matsmanns til að skoða aðstæður með þeim hætti að ráðið yrði svo óyggjandi væri hvar umrætt rör nákvæmlega lá og hvort og þá hvernig jarðvinna stefnda í farvegi árinna fór í gegn um rörið. Lá það stefnanda næst að afla sér sönnunar um framangreind atriði og verður ekki talið að sú sönnun hefði verið teljandi erfiðleikum bundin hefði verið gripið til aðgerða þegar lá fyrir að mati stefnanda að tjón hefði orðið. Á þetta við hvort sem miðað er við að ljóst hafi verið þegar í kjölfar framkvæmdanna að tjón hefði orðið eða hvort það hafi fyrst sýnt sig næsta vetur, en málatilbúnaður stefnanda er misvísandi um þetta atriði. Með vísan til framangreinds er það mat dómsins að stefnanda hafi ekki tekist sönnun þess að það tjón sem hann telur sig hafa orðið fyrir hafi orsakast af vinnu verktaka á vegum stefnda dagana 4. til 6. september 2018. Verður stefndi, þegar af framangreindum ástæðum, sýknaður af kröfum stefnanda í málinu. Er þá ekki nauðsyn að fjalla um aðrar málsástæður hans.

Með hliðsjón af málsúrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 372.000 krónur. Er við þessa ákvörðun haft í huga að stefndi hafði uppi frávísunarkröfu sem var hafnað.

Halldór Björnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en hvorki dómari né lögmenn töldu ástæðu til endurflutnings málsins þó liðinn sé lengri tími en fjórar vikur frá dómtöku þess.

### **Dómsorð:**

Stefndi, Orkubú Vestfjarða ohf., er sýkn af kröfum stefnanda Kristínar Óskar Matthíasdóttur í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 372.000 krónur í málskostnað.

Halldór Björnsson